

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Númer fundar:** 1025

**Dagsetning:** 30. apríl 2024 klukkan 8:30

**Staðsetning fundar:** Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Pálína Ásbjörnsdóttir (PÁ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 23. apríl 2024 frestað.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Tilnefning í starfshóp um úthlutun hjálpartækja

HH barst ósk um tilnefningu í starfshóp um úthlutun hjálpartækja. Ákveðið var að ASV verði tilnefnd fyrir hönd HH.

### 4. Erindi frá KPMG

HH hefur borist erindi frá KPMG um skipulag þjónustu HH og fleira. Ákveðið var að funda með fulltrúum KPMB í lok maí.

### 5. Kjörár fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga

ASV kynnti hugmynd um starfspróunarár hjúkrunarfræðinga, fræðslu og handleiðslu. Framkvæmdastjórn tók vel í hugmyndina og samþykkti að vinna það áfram.

### 6. Upplýsingamiðstöð HH

Umræður um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH og verkefni miðstöðvarinnar.

### 7. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt um launamál lækna, lokaútgáfa að breytingum á launakerfi lögð fram og samþykkt.

### 8. Þjónustukönnun

HH barst erindi frá Heilbrigðisráðuneytinu um nýja aðferðafræði við að kanna þjónustu HH. Samþykkt var að taka þátt í verkefninu.

### 9. Farsældarlögin

Rætt var um tilnefningu tveggja tengiliða í stýrihóp ÞÍH um farsældarlögin. Samþykkt var að tilnefna Ásgerði Örnú Sófusdóttur og Sólveigu Eyfeld sem fulltrúa HH.

### Aðgerðir og verkefni

- Tilnefna ASV í starfshóp, sjá lið 3.  
Ábyrgð: SDM
- Boða til fundar með KPMG, sjá lið 4.  
Ábyrgð: SDM
- Vinna áfram að starfsþróunarári hjúkrunarfræðinga, sjá lið 5.  
Ábyrgð: ASV og SJ
- Vinna áfram með fjármögnun og verkefni Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 6.  
Ábyrgð: HP
- Kynna þarf breytingar á launakjörum lækna fyrir stjórnendum og læknum, sjá lið 7.  
Ábyrgð: SDM
- Svvara erindi heilbrigðisráðuneytisins, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SDM
- Tilnefna þarf tvo tengiliði, sjá lið 9.  
Ábyrgð: GUP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11.05